

Starfshópur um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum

Vilhjálmur Egilsson, formaður



Húsavík, 9. febrúar 2022

Efni: Upplýsingar til starfshóps um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum

Vísað er til erindis frá starfshópi um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum sem barst Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, 1. febrúar. Hér er á ferðinni gríðarlega mikið hagsmunamál, raforka er ein grunninnviða landsbyggðanna og landsins alls, ein megin forsenda byggðar og atvinnuþróunar í landinu.

SSNE fagnar því að fá tækifæri til að koma að upplýsingum um stöðu mála í landshlutanum en mjög skammur tími var gefinn, einungis ein vika. Það hefur því ekki gefist það svigrúm sem æskilegt er til að safna upplýsingum og ekki hefur heldur gefist ráðrúm til samráðs við sveitarfélög á svæðinu en þau geta lagt inn mjög gagnlegar upplýsingar eins og sannaðist þegar unnið var að gerð grænbókar um samgöngumál og grænbókar um fjarskiptamál. Þá voru haldnir fjarfundir í hverjum landshluta þar sem fulltrúar sveitarfélaga komu saman, settu fram góðar og gagnlegar upplýsingar og mjög gott samtal átti sér stað. Langar mig að hvetja til þess að horft verði til þeirrar góðu vinnu og aðferðar í þessu verkefni einnig. Í það minnsta er það mjög mikilvægt að funda með sveitarfélögum svo rödd þeirra fái rými í þessu mikilvæga verkefni.

Mikið og gott starf hefur verið unnið á Norðurlandi eystra í raforkumálum og óhætt er að segja að sérstaklega hafi verið bætt í eftir aftakaveðrið sem gekk yfir landið í desember 2019.

Flutningskerfið á Norðurlandi er elsti hluti byggðalínunnar og er engan veginn í takti við nútíma kröfur. Með endurnýjun á flutningskerfinu frá Hvalfirði að Fljótsdal næst að tryggja raforkuöryggi í meginflutningskerfinu, nýta samspil ólíkra virkjana og minnka töp í kerfinu. Vinna og undirbúningur fyrir lagningu Blöndulínu 3 (frá Blöndu að Rangárvöllum) hefur staðið yfir í mjög langan tíma og því miður hefur lítið þokast í þeim málum. Ákvörðunarferli slíkra framkvæmda er mjög þungt í vöfum og tilefni er til að hvetja til þess að skoða möguleika á því að einfalda ferlið og auðvelda ákvarðanatöku.

Skoða mætti að reisa nýja línu sem færi út fyrir Tröllaskaga og tengdi þar sama svæði úr annarri átt í gegnum Fjallabyggð og Dalvík. Þar með væru komnar tvær tengingar um Tröllaskaga. Í áhlaupinu í desember 2019 reyndust smávirkanir ekki vera sá öryggisventill sem menn treystu á fyrir margra hluta sakir m.a. vegna veikleika í flutnings- og dreifikerfinu og krapa.

Mikið hefur verið rætt um mikilvægi þess að tengja Kópasker yfir til Vopnafjarðar og skilgreina það sem hluta að meginflutningskerfinu. Þessi framkvæmd hefur verið talin of dýr en ef horft er til stefnu stjórnvalda um að N-1 (tvítengingu) á afhendingarstaði þá verður að horfa á þá framkvæmd í öðru ljósi en

út frá kostnaðarhliðinni einni. Tvítenging til Þórshafnar er ekki á framkvæmdaráætlun hjá Landsneti. Til að bæta afhendingaröryggi á svæðinu austan Húsavíkur og tryggja atvinnustarfsemi á svæðinu er nauðsynlegt að hringtengja svæðið með því að byggja upp flutningskerfið frá Kópaskeri um Þórshöfn og til Vopnafjarðar. Með því væri allt svæðið með tvöfalda tengingu (N-1). Án aukinnar raforku inn á svæðið og nægjanlegrar flutningsgetu eru kostir í stöðunni til uppbyggingar atvinnu fáir á því svæði.

Rétt er að vekja athygli á því að nú er í gangi fýsileikakönnun fyrir líforkuver á vettvangi SSNE. Líforkuver er heildræn samþætt lausn í meðhöndlun á lífrænum úrgangi, moltugerð, fituvinnslu, lífdísilgerð, metanvinnslu, áburðarframleiðslu og ýmis önnur meðhöndlun. Verið mun geta meðhöndlað allan lífrænan úrgang og ýmsa lífræna efnisstrauma ef niðurstöður hagkvæmnimatsins verða jákvæðar. Í uppbyggingu líforkuvers felst lykillinn að innleiðingu hringrásarhagkerfis í þeim byggðum sem það mun tengjast. Líforkuveri má einnig lýsa sem úrgangsvirkjun þar sem úrgangur streymir inn í verksmiðjur sem breyta úrgangsstraumnum í orku sem er hægt að nýta í stað innfluttrar, hvort sem það er eldsneyti eða áburður. Stuðningur við uppbyggingu slíkra orkuvera ætti að taka til alvarlegrar athugunar.

Einnig er að hefjast greining innviða í landshlutanum en það er stöðumat fyrir gerð Samgöngu- og innviðastefnu. Markmiðið er að vinna tillögu að innviðaáætlun fyrir Norðurland eystra. Tillagan mun ná yfir vegamál, hafnamál, flugvelli, flutningskerfi raforku og fjarskiptamál á Norðurlandi eystra og helstu tengingar landshlutans við aðra landshluta.

Mikilvægt er að halda til haga áskorunum sem snúa að orkuskiptum, sérstaklega á strjálbýlum svæðum og jaðarbyggðum. Orkuskipti geta falið í sér kosntaðarsamar aðgerðir sem reynst geta íþyngjandi fyrir minni byggðalög og haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar ef ekki er gætt að þeim aðstæðum sem þar eru og tillit tekið til þeirra.

Hér er einungis tæpt á örfáum atriðum sem horfa verður til varðandi orkumál í landshlutanum og vil ég að lokum ítreka ósk um samtal og samráð við sveitarfélögin sem þekkja best áskoranir og þarfir á hverju svæði. Það getur einungis verið til bóta fyrir þetta verkefni.

Meðfylgjandi eru tvær skýrslur sem unnar voru á árunum 2017 og 2018 og innihalda greiningu á flutningskerfi raforku á Norðurlandi eystra. Sennilegt er að þær geti reynst upplýsandi og gagnlegar. Sumt sem þar kemur fram á kannski ekki við í dag en að stærstum hluta er innihald þeirra í fullu gildi. Einnig fylgja þrjár skýrslur þar sem smávirðjanakostir í landshlutanum hafa verið greindir og geta þær upplýsingar reynst gott innlegg í þessa vinnu.

Virðingarfyllst,

F.h. SSNE

Eypór Björnsson

Framkvæmdastjóri